



GRUND

DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

Stjórn Ættingjabands Grundar er skipuð Hinriki Greipssyni formanni, Guðrúnu Geirsdóttur gjaldkera, Hjálvari Jónssyni ritara, Dóru Pálsdóttur og Guðrúnu Vilhjálmsdóttur. Í varastjórn sitja Svala Sigríður Thomsen, Karen Tómasdóttir og Anna Þormar.

Lög ættingjabandsins

1. grein.

Félagið heitir Ættingjabandið á Grund. Aðstandenda- og velunnarafélag Grundar.

2. grein

Hlutverk félagsins er m.a.

Að gætta hagsmuna heimilisfólks á grund og stuðla að andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð þess í hvívetna.

Að vinna að samhug og samvinnu á meðal starfsfólks og aðstandenda heimilisfólks með kynnum, fræðslu og greiðu upplýsingaflæði.

Að veita stjórn heimilisins stuðning í þeim málum sem snúa að yfirstjórn heilbrigðismála og stjórnslunni.

Að upplýsa og auka skilning heilbrigðisstjórnar og almennings á þeim vandamálum sem aldraðir, sem búa á dvalar- og hjúkrunarheimilum, eiga við að glíma á hverjum tíma og skilgreina hvar helst sé úrbóta þörf.

3. grein

Allir þeir sem eiga ættingja eða vini á Grund, eða hafa átt, geta orðið félagar, sem og aðrir sem vilja styrkja eða hlúa að heimilinu.

4. grein

Félagsgjöld eru engin, en taka má við gjöfum eða skapa tekjur, félaginu til eflingar.

5. grein

Aðalfundur skal haldinn í októbermánuði ár hvert og auglýstur með 2ja vikna fyrirvara.

6. grein

Stjórnin skal skipuð 5 aðalmönnum og 3 varamönnum. Aðalstjórn er skipuð til tveggja ára í senn, þó skulu 2 ganga úr stjórn eftir eitt ár en þrjár eftir tvö ár. Varamenn skulu kjörnir árlega. Endurkjósa má að vild. Stjórnin skiptir með sér verkum og heldur fundargerðarbók.

7. grein

Formaður boðar stjórnarfundum svo oft sem hann telur æskilegt eða ef meirihluti stjórnar óskar þess, þó ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Einfeldur meirihluti ræður úrslitum á fundum.

8. grein

Félagslögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi af meirihluta löglega boðaðs fundar.

Lögin voru samþykkt á stofnfundi félagsins 24. október árið 2002.

Ættingjabandið á Grund

Stofnað 24. október 2002

Ættingjaband Grundar var stofnað þann 24. október árið 2002. Markmiðið með stofnun þess er að ættingjar og vinir heimilisfólks svo og velunnarar heimilisins geti lagt sitt af mörkum til að stuðla að vellíðan heimilisfólks.



Ættingjabandið hefur um árin boðið upp á ýmsa dægradvöl fyrir heimilisfólkið. Tvisvar á ári er boðið upp á bingó sem hafa verið vel sótt. Þá er markmiðið að bjóða upp á stuttar ferðir og á aðventunni hefur skapast sú hefð að fá Drengjakór Þorfinnsbræðra, sem er skipaður bræðrum í Oddfellowstúkunni Þorfinni karlsefni til að syngja jólalög í hátíðarsalnum.



Til stendur að efla starfsemi Ættingjabandsins enn frekar á nýju ári og standa fyrir fleiri uppákomum, bæði á Grund og með stuttum ferðum. Allir þeir sem eiga ættingja á Grund eða eru velunnarar heimilisins eru hvattir til að leggja sitt af mörkum. Bæði vantar góðar hugmyndir og svo eru sjálfboðaliðar alltaf vel þegnir þegar við gerum eitthvað skemmtilegt.

Endilega hafið samband við formann félagsins sem er Hinrik Greipsson.
hinrik.greipsson@internet.is